



Mosfellsbær

Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Kópavogi, 8. október 2020
2009653/510.02 BÓK

**Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030. Endurskoðun aðalskipulags -
Skipulagslýsing.**

Á fundi skipulagsráðs 5. október 2020 var lagt fram erindi Kristins Pálssonar skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem kynnt er skipulagslýsing fyrir nýtt aðalskipulag sveitafélagsins. Bæjarstjórnar Mosfellsbæjar samþykkti í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að kynna skipulagslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem tók gildi 03.10.2013.

Lýsingin verður kynnt fyrir hagsmunaaðilum og íbúum sveitarfélagsins. Öllum verður gefið tækifæri til þess að skila inn umsögn eða athugasemd við lýsinguna. Lýsingin kynnir helstu viðfangsefni, forsendur og meginmarkmið væntanlegs aðalskipulags ásamt því að veita upplýsingar um samráðsferil, umsagnaraðila og tímasetningar helstu verkáfanga. Ábendingar og umsagnir berist Umhverfissviði Mosfellsbæjar fyrir 23. október 2020.

Erindið var lagt fram og kynnt. Skipulagsráð Kópavogs gerir ekki athugasemd við framlagða skipulagslýsingu.

Virðingarfyllst,
fh. skipulagsstjóra

Berglind Kjartansd.

Berglind Ósk Kjartansdóttir
Ritari